



Drög að skólastefnu Grindavíkur

Fyrstu drög stefnunnar sem send eru til allra aðila
skólasamfélagsins

Handrit þetta er hluti við vinnslu skólastefnunnar þar sem óskað er eftir athugasemdum eða ábendingum sem nýtast við lokafrágang stefnunnar. Athugasemdum eða ábendingum skal koma á framfæri fyrir 8. júní næstkomandi.

Skóla- og uppeldisstefna Grindavíkur

Skóla- og uppeldisstefnan byggir meðal annars á upplýsingum frá Skólaþingi sem haldið var 17. janúar 2009 og tillögum frá rýnihópum úr leikskólum, grunnskóla, tónlistarskóla, Skólaskrifstofu og æskulýðs- og tómstundarmálum.

Formáli

Á fundi bæjarstjórnar í desember 2008 var samþykkt tillaga um endurskoðun heildstæðrar skólastefnu Grindavíkurbæjar. Endurskoðunin taki til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, æskulýðs- og tómstundarstarfs og starfsemi Skólaskrifstofu. Skipaður var átta manna stýrihópur til að vinna að endurskoðun stefnunnar. Í stýrihópnum eru:

Jón Fannar Guðmundsson formaður fræðslu- og uppeldisnefndar

Kjartan Adólfsson formaður foreldrafélags Leikskólans á Laut

Bylgja Héðinsdóttir aðstoðarleiksólastjóri Leikskólanum Króki

María Eir Magnúsdóttir deildarstjóri Grunnskólans í Grindavík

Laufey Hlín Jónsdóttir frá foreldrafélagi Grunnskólans

Inga Þórðardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Grindavíkur

Bjarnfríður Jónsdóttir sérkennsluráðgjafi á Skólaskrifstofu Grindavíkur

Kristinn Reimarsson frístunda- og menningarfulltrúi Grindavíkurbæjar

Með stýrihópnum starfaði Gunnlaugur Dan Ólafsson og ráðgjafi stýrihópsins var Ólafur H. Jóhannsson aðjúnkt við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Skólastefnunni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi bæjarins. Markmiðið er að skapa framtíðarsýn í málaflokknum til næstu þriggja ára og vera málefnalegur grundvöllur að umfjöllun um skólastarf í sveitarfélaginu.

Vinna við skólastefnuna hófst með skólaþingi 17. janúar 2009. Fyrir utan reglulega fundi stýrihóps voru haldnir ellefu fundir með rýnihópum en mikilvægt er að sjónarmið sem flestra hagsmunaðila komi fram í stefnunni.

Eftirfarandi stefnumótandi markmið eru sett fram um ofangreinda starfsemi. Það er síðan á ábyrgð hvernar stofnunnar að útfæra leiðir til þess að framfylgja stefnunni. Skólaskrifstofu Grindavíkur er ætlað að fylgja stefnunni eftir í samvinnu við forstöðumenn stofnanna.

Helstu áhersluatriði stefnunnar :

- Í Grindavík verði veitt heildstæð grunnenntun á öllum skólastigum, allt frá leikskóla til framhaldsskóla
- Jafnræði ríki í aðgengi að námi og tengdri þjónustu
- Einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir
- Aukið samstarf allra skóla og skólastiga sín á milli og við nærsamfélagið

- Uppeldisstefna skólanna byggi á umhyggju fyrir öllu lífi, samúð og kærleika sem stuðlar að umburðarlyndi, friði og samfélagi án ofbeldis
- Sambætta þekkingu, lífsgildi og almennan heilbrigðan lífsstíl í námi barna
- Virk tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla
- Starfsfólk upplifi starfsánægju, fái hvatningu og tækifæri til þess að auka færni sína
- Nemendum og starfsfólki verði tryggt heilnæmt starfsumhverfi og búnað sem samræmist þörfum viðkomandi skólastarfs
- Lögð verði áhersla á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- Nýtt verði sérstaða nánasta umhverfis til kennslu

Almenn stefna – Markmið

Velferð nemenda

Velferð og hagsmunir barna hafi forgang í því mikilvæga hlutverki skólastarfs að stuðla að alhliða þroska og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

leiðir að markmiði :

- skólar stuðli að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda
- nemendur finni til öryggis, njóti hæfileika sinna og bernsku í öllu starfi skólanna
- skólarnir setji sér forvarna- og viðbragðsáætlun gegn fordómum, ofbeldi, einelti og notkun vímuefna
- lögð verði áhersla á nemendalýðræði með því að gera nemendur virkari í ákvörðunartöku í skólastarfinu
- öllum nemendum sé tryggt sambærilegt aðgengi að námi, aðstöðu og tengdri þjónustu
- umburðarlyndi og kærleikur verði ríkjandi í öllu starfi skólanna
- viðeigandi stoðþjónusta sé til staðar miðað við þarfir einstakra nemenda
- samfelldur vinnudagur barna með áherslu á yngri árganga

Starfsfólk

Hjá Grindavíkurbæ starfi áhugasamt starfsfólk þar sem starfsánægja, metnaður og fagmennska ríkir.

leiðir að markmiði :

- árlega gerð endur- og símenntunaráætlun sem tekur mið af þörfum starfsmanna og skólastarfi hvernar stofnunnar fyrir sig. Áætlunin kynnt fræðslu- og uppeldisnefnd
- skólaskrifstofa skipuleggi í samstarfi við skólana fræðslu í samræmi við endur- og símenntunaráætlun. Starfsfólki standi til boða ráðgjöf frá Skólaskrifstofu
- markvisst unnið að því að auka hlutfall uppeldismenntaðs starfsfólks
- árlegum starfsmannaviðtölum þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fá mat á eigin frammistöðu
- hvatt verði til fjölbreyttra kennsluaðferða, nýsköpunar, frumkvæðis og þróunarstarfs
- hver stofnun vinni jafnréttisáætlun sem tekur mið af lögum og starfsumhverfi hvernar stofnunnar

- hvetjandi aðferðum verði beitt af hálfu bæjaryfirvalda vegna þeirra starfsmanna sem stunda viðurkennt viðbótar- eða réttindanám sem þau telja ávinning fyrir sveitarfélagið. Um það verði gerður sérstakur samningur

Húsnæði, aðstaða og búnaður

Öllum nemendum sveitarfélagsins sé tryggður jafn aðgangur að fjölbreyttri aðstöðu og þroskavænlegu umhverfi þar sem tekið verði mið af öryggi barna og mismunandi þörfum þeirra. Starfsmönnum og nemendum verði tryggður búnaður sem er samkvæmt vinnuverndarákvæðum.

leiðir að markmiði :

- leiksvæði séu hluti af námsumhverfi skólanna og mæti hreyfiþörf barna á mismunandi aldri
- skipulag umferðar ökutækja og gangandi vegfarenda að og við byggingar þar sem starf með börnum og ungmennum fer fram, sé með þeim hætti að öryggi fólks sé tryggt
- nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu og hvetjandi námsumhverfi í öllum námsgreinum. Húsnæði, búnaður og tækjakostur svari kröfum tímans og uppfylli skilyrði um örugga notkun
- unnin verði viðhalds- og endurnýjunaráætlun af umsjónarmanni fasteigna í samráði við stjórnendur og jafnan verði tiltæk áætlun um endurnýjun tækjabúnaðar
- skapa aðstöðu í skólunum til að framreiða hollar máltíðir fyrir nemendur og starfsfólk

Samvinna og tengsl milli skóla

Öflugt samstarf ríki milli skóla í sveitarfélaginu og þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna.

leiðir að markmiði :

- treysta samvinnu og upplýsingaflæði leik-, grunn- og tónlistarskóla sem byggir á forsendum allra skólanna. Skólarnir skilgreini og skrái skipulag og áætlanir um samvinnuna
- auka möguleika nemenda í grunnskóla að stunda einingabært nám í framhaldsskóla
- nemendum verði boðið upp á nám í tónlistarskóla og tónlistarnám í grunnskóla sem metið er til eininga í framhaldsskóla
- auka innbyrðis samstarf um fagleg málefni og endur- og símenntun. Átaks- og þróunarverkefni verði í auknum mæli sameiginleg milli skóla

Tengsl við umhverfi og grenndarsamfélagið

Nýta til fullnustu þá möguleika sem felast í þeirri auðlind sem býr í grenndarsamfélaginu með það markmið að byggja upp jákvætt viðhorf nemenda til þess.

leiðir að markmiði :

- líta á næsta umhverfi barna sem hluta af námsaðstæðum þeirra með því að leggja áherslu á útikennslu, umhverfis- og náttúruvernd. Skapa aðstöðu þar sem sinna skal þessum þætti skólastarfsins

- sérstök áhersla verði lögð á kennslu um heimabyggð og umhverfi hennar
- skólarnir nýti umhverfi Grindavíkur til þess að skapa sér sérstöðu
- skólarnir leggi rækt við verndun umhverfis og umhverfisfræðslu. Hún verði samofin fræðslu um nýtingu náttúruauðlinda í sveitarfélaginu
- skólarnir setji sér umhverfisáætlanir í þeim tilgangi að þeir verði vistvænar stofnannir
- markvisst samstarf skólanna við stofnanir og atvinnulíf í Grindavík. Skólarnir taki virkan þátt í viðburðum í bæjarlífinu
- hvetja nemendur til þátttöku í sjálfböðavinnu og hvers konar samfélagsþjónustu, bæði innan skólanna og í grenndarsamfélaginu
- skólahúsnæði grunnskólanna verði í ríkara mæli notað sem menningarmiðstöðvar í Grindavík

Samstarf og samábyrgð heimila og skóla

Stöðugt verði unnið að traustu og árangursríku samstarfi milli heimila og skóla sem feli í sér samráð og samvinnu um nám, hegðun, umgengni og skólabrag.

leiðir að markmiði :

- skóli skipuleggi þátttöku foreldra í skólastarfi og nýti reynslu og sérþekkingu þeirra
- skýr verkaskipting ríki milli heimila og skóla
- sveitarfélagið og skólar veiti foreldrum öfluga fræðslu og upplýsingar um uppeldis- og skólastarf
- gagnkvæm upplýsingamiðlun um stöðu nemenda
- fulltrúar foreldra hafi aðstöðu í skólunum til fundarhalda og varðveislu gagna
- áætlun gerð um starfsemi foreldrafélaga yfir skólaárið

Uppeldisstarf og lýðheilsa

Í uppeldisstarfi á vegum sveitarfélagsins sé byggt á hugmyndafræði þar sem lögð er rækt við gagnkvæma virðingu, sjálfsaga og lífsgildi. Viðhafðir séu lífshættir í allri starfsemi skólanna sem stuðla að góðri lýðheilsu.

leiðir að markmiði :

- skólar í Grindavík skilgreini leiðir í uppeldisstarfi sem byggja á því að ná markmiðum stefnunnar. Skólar miðli áherslum í uppeldisstarfi til foreldra og þeirra sem sinna uppeldisstörfum í Grindavík
- efla og viðhalda þekkingu og færni starfsmanna í samræmi við stefnu og vinnubrögð viðkomandi stofnunnar
- lögð verði áhersla á útvíst, útikennslu og reglubundna hreyfingu. Sett verði fram skipulag í starfsemi skóla sem styðja við þessar áherslur
- virkt samstarf samfélags og fagaðila um forvarnir til að stuðla að góðri lýðheilsu
- starfsmönnum og nemendum standi til boða hollur og nægingaríkur matur sem er í samræmi við manneldismarkmið
- viðhöfð séu vinnubrögð sem styrkja markvisst félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd nemenda og ábyrgð þeirra á eigin framgöngu

Leikskólar

Leikskólastarf

Skapa öruggt umhverfi sem eykur möguleika nemenda til náms og þroska á forsendum hvers og eins.

leiðir að markmiði :

- starfið einkennist af hlýju, umhyggju og fagmennsku
- leikskólastarf sé skipulagt fyrst og fremst með hagsmuni og þarfir barnsins í huga
- Lögð verður áhersla á einstaklingsmiðað nám
- áhersla að börn læri og þroskist í gegnum leik
- aukin áhersla á listsköpun, tjáningu og hreyfingu í almennu leikskólastarfi
- fjölbreytt og ögrandi leikskólaumhverfi
- útikennsla í ríkari mæli
- nemendalýðræði í samræmi við þroska barna
- Leikskólar þróa stöðugt starfsaðferðir út frá síbreytilegu umhverfi

Grunnskólar

Nám, kennsla og innra starf skólans

Skólar í Grindavík þróa stöðugt starfsaðferðir og kennsluhætti sem taka mið af þroska og þörfum nemenda.

leiðir að markmiði :

- að skólastarf sé fjölbreytt og komi til móts við mismunandi þarfir nemenda. Lögð verði áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf. Áætlanir gerðar um þau vinnubrögð og þær kynntar foreldrum
- þróa fjölbreytt námsmat sem tekur mið af námsmarkmiðum og kennsluáðferðum
- móta áætlun um jafnrétti, lýðræðislega umræðu og þátttöku nemenda í ákvarðanatöku um framkvæmd skólastarfsins
- valfrelsi nemenda í námi verði aukið
- leggja áherslu á skapandi og gagnrýna hugsun – skapandi starf
- útikennsla verði stunduð í auknum mæli
- skoða kennslu út frá síbreytilegu samfélagi og kröfum
- starfsmannafjöldi með hverjum námshópi taki mið af fjölda nemenda og samsetningu
- aðstaða verði fyrir lengda viðveru nemenda í 1. til 4. bekk grunnskólanna
- auka vægi tónmenntar og tónlistar í skólunum. Í grunnskólum verði sköpuð fullnægjandi aðstaða fyrir kennslu á vegum Tónlistarskólans

Tónlistarskóli

Styrkja starfsemi Tónlistarskóla Grindavíkur í að sinna fjölbreyttu námsframboði í tónlistarkennslu og tónlistaruppeldi. Skólinn verði sýnilegur í samfélaginu og virkur þátttakandi í auknu tónlistarlífi í bænum.

leiðir að markmiði :

- búa nemendum skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu. Auka hæfni þeirra til að flytja, skapa og hlusta á tónlist og njóta hennar
- forskólanám Tónlistarskólans sem nær til yngstu nemenda fari fram innan veggja grunnskólanna. Skólinn bjóði upp á valkosti í tónlistarnámi í framhaldi af forskólakennslu
- nemendum í tónlistarnámi gefist kostur á að stunda nám sitt að minnsta kosti að hluta til á samfelldum skóladegi
- leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik og hljómsveitarstarfi og koma fram á tónleikum
- Tónlistarskóli Grindavíkur fái til sinnar starfsemi húsnæði sem gefur skólanum tækifæri til að þróa starf sitt og sinna eftirspurn eftir tónlistarnámi
- nemendur skólans komi fram og auðgi bæjarlífið með tónlistarflutningi
- tónlistarnám standi öllum opið

Framhaldsnám

Stefnt að uppbyggingu og starfrækslu námsbrauta framhaldsskóla og sköpuð verði aðstaða til háskólanáms í heimabyggð.

leiðir að markmiði :

- boðið verði upp á nám til stúdentsprófs og starfsréttinda
- almenningi gefið tækifæri til aukinnar menntunnar í heimabyggð
- skólinn skapi sér sérstöðu sem byggir á séreinkennum Grindavíkur
- skólinn verði miðstöð og vettvangur fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi í bænum
- nemendur hafi tækifæri til að stunda nám á háskólastigi í gegnum fjarfundarbúnað
- Áhersla verði lögð á að efla tengsl við háskóla

Þjónusta og stuðningur við skólastarfið

Skólaskrifstofa Grindavíkur styrki starfsemi skólastofnanna, sem annars vegar felst í að reka sérfræðiþjónustu sem er stuðningur við nemendur og foreldra þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi skólanna og starfsfólk þeirra.

leiðir að markmiði :

- styðja við þróun, úrbætur og nýbreytni í skólastarfi í samvinnu við skólastjórnendur. Þetta er meðal annars gert með reglubundnu ytra mati
- vinna að skipulagningu endur- og símenntunar í samvinnu við skólafólk.
- hafa milligöngu um útvegum á almennri og greinabundinni kennslu- og uppeldisráðgjöf í samráði við skólastjórnendur
- vinna greiningu á vanda einstakra nemenda vegna sálrænna- eða félagslegra erfiðleika sem hafa áhrif á þroska þeirra og nám
- samhæfa störf sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilsugæslu í þágu nemenda
- skapa vettvang fyrir nýbreytni í náms- og kennsluháttum
- fylgja eftir Skóla- og uppeldisstefnu Grindavíkurbæjar og þróa sameiginleg viðmið og framtíðarsýn

- hafi frumkvæði að mótun stefnu og sinni þjónustu í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku í samvinnu við skólastofnanir bæjarins

Mat á skólastarfinu

Skólar innleiði sjálfsmatsaðferðir sem eru í samræmi við lög og geri hagsmunaaðilum kleift að meta skólastarfið og árangur þess.

leiðir að markmiði :

- unnið verði með Skólavogina, tilrauna og þróunarverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við sveitarfélagið um ytra mat á starfi grunnskóla
- hver skóli meti á reglubundinn hátt árangur og gæði skólastarfsins með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Stjórnendur tryggi úrvinnslu, kynni niðurstöður og beri ábyrgð á gerð umbótaáætlana
- forstöðumönnum stofnanna verði kynntar hugmyndir að stefnumiðaðri árangursstjórnun og notkun stefnu- og skorkorta
- úttektir og ytra mat sveitarfélagsins á skólastarfi sé virkt og eðlilegur þáttur í að þróa og efla starfsemi þess
- skólar í Grindavík eigi kost á ráðgjöf vegna mats á skólastarfi

Frístundastarf – félagsmiðstöð

Stuðla að virku félagsstarfi sem eflir félagsþroska og samskiptahæfni barna.

leiðir að markmiði :

- festa í sessi starfsemi félagsmiðstöðvar með frumkvæði, ábyrgð og þátttöku nemenda. Boðið verði upp á fjölbreytta starfsemi þar sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi
- félagsmiðstöð verði öruggt athvarf unglunga sem þangað vilja leita. Sérstök áhersla að ná til þeirra nemenda sem ekki eru virkir í félagsstarfi
- unnið verði markvisst að forvörnum, meðal annars sem varða vímuefnanotkun og einelti
- starf félagsmiðstöðvar verði unnið í góðum tengslum við foreldra og víðtækt samstarf sé við alla sem koma að málefnum barna
- frístundastarf fari fram innan veggja skólanna eftir því sem við verður komið
- reynt verði að tryggja sem mesta samfellu frístundastarfs við skólastarf, þar sem fyrst verður horft til yngri nemenda
- starfræktur verði íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 4 til 6 ára

Skilgreiningar :

Einstaklingsmiðað nám :	Er þegar nemandi er að læra miðað við sinn þroska, getu, færni og reynslu. Nám hans tekur því ekki mið af hópi nemenda eða heils bekkjar. Þeir eru því ekki allir að læra það sama á sama tíma, heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni eða verkefni einir eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og byggja það á einstaklingsáætlun.
Einstaklingsmiðuð kennsla :	Er þegar kennarinn hagar kennslu sinni miðað við þroska, getu, færni og reynslu nemandans eða nemendahópsins og notar til þess fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluhætti.
Frístund :	Orðin frístund og frístundastarf eru höfð um alla æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfsemi.
Grenndarsamfélag :	Grenndarsamfélag er skilgreint sem nánasta umhverfi einstaklings, bæði náttúra og mannlegt umhverfi þar sem flestar athafnir daglegs lífs fara fram. Það er hverfið sem skólinn og heimilið er hluti af, þar með íbúarnir í hverfinu, atvinnulífið, menningarstofnannir, félagasamtök og annað sem einkennir samfélagið.
Heildstæð skólastefna :	Skólastefna þar sem horft er á skólagöngu einstaklinga sem heild eða sem samfellu milli skólastiga frá leikskóla til framhaldsskóla.
Jafnræði :	Nemandi fær ákveðna þjónustu út frá eigin þörfum sem er ekki sama þjónusta og annar nemandi fær sem hefur aðrar þarfir.
Kennsluhættir :	Skipulag sem kennari hefur á kennslu sinni og samskiptum við nemendur.
Nýsköpun :	Nýsköpun á sér stað þegar einhver finnur lausn á þörf eða vandamáli í umhverfinu sem er óleyst eða þróar eldri hugmynd enn frekar. Þannig er nýsköpun orð yfir ferska hugmyndavinnu einstaklings.
Sjálfbær þróun :	Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.
Skólasamfélag :	Hér er átt við þá umgjörð sem heimili og skóli skapa um skólastarfið. Skilgreint í aðalnámskrá sem samfélag nemenda, starfsfólks og foreldra í tilteknum skóla.
Skólastefna :	Skólastefna er lýsing á þeim ávinningi sem sveitarfélagið telur rétt að stefnt sé að í skóla- og frístundamálum ungmenna og hvernig ætlunin sé að ná honum.
Skóli án aðgreiningar :	Skóli án aðgreiningar er skóli sem er fær um að sinna öllum nemendum sínum, óháð stöðu þeirra. Hann grundvallast á að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman, þrátt fyrir einstaklingsmun. Nám án aðgreiningar er virkasta leiðin til að treysta samstöðu og skilning meðal barna með sérþarfir og skólafélaga þeirra.